

01 Vöruheiti.

SÁM DEKKJAHREINSIR.

Framleiðandi:

Mjöll Frigg hf.
Fossháls 3,110 Reykjavík
Sími: 512-3000, Fax: 587-6563.
Heimasíða: www.mjollfrigg.is

02 Samsetning/upplýsingar um innihald.

Inniheldur eftirfarandi efni, sem falla undir Reglugerð nr. 236/1990:

Innihald:	CAS Nr.	Magn	Varnaðarmerki	Hættusetningar
Ójónuð sápuefni		2-5%	Xi	H22,H36/38
Terpentína, arómatasnaúð	64742-82-1	>90%	Xn	H20

03 Varúðarupplýsingar.

Hættulegt heilsu.

04 Skyndihjálp.

Innöndun: -

Húð: Getur verið ertandi. Skolið hörundið vandlega með vatni og sápu. Leitið lækni, ef sviði hverfur ekki.

Augu: Skolið strax með miklu vatni, einnig undir augnlokunum. Haldið áfram að skola í minnst 15 mínútur. Leitið lækni.

Inntaka: Gefið mikið vatn að drekka til þess að þynna efnið. Notið mjólk í stað vatns, ef hún er á staðnum. Framkallið ekki uppsölur. Leitið strax lækni.

Búnaður á vinnustað: Búnaður til að skola augu og húð.

05 Bruni/aðferðir við að slökkva eld.

Almennt: Haldið frá hita og neistagjöfum.

Bruna- og sprengihætta: Við upphitun geta gufur myndað sprengifima blöndu með andrúmslofti.

Viðbrögð við bruna: Gerið lögreglu og slökkviliði viðvart. Flytjið ílát frá brunastað, ef það er hægt án hættu. Ílát, sem lenda í eldi, skal kæla með vatni um tíma eftir að eldurinn hefur verið slökktur. Við bruna losna eittraðar gufur frá efninu (einkum kolmónoxíð). Loftið út lokuð rými áður en farið er inn í þau.

Slökkviefni: Alkóhólþolin froða, duft eða kolsýra.

Hlíðarbúnaður: Notið ferskloftsgrímu við slökkvistarf.

06 Efnaleki.

Notið viðeigandi persónuhlífar og hlífðargleraugu/andlitsgrímu.

Stöðvið lekann, ef það er hægt án hættu. Heftið útbreiðslu með sandi eða jarðvegi. Bindið efnið með sandi, sagi eða öðrum ísogsefnum og safnið upp. Efnið má ekki komast í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Leitið til slökkviliðs, ef leki er mikill. Gerið varúðarráðsaganir vegna eldhættu.

07 Meðhöndlun og geymsla.

Almennt: Reykingar eru bannaðar við meðhöndlun efnisins. Forðist snertingu við augu, t.d. við umhellingu. Tryggið góða loftræstingu.

Geymsla: Geymist fjarri hita- og neistagjöfum. Geymist í upprunalegum umbúðum, vel luktum og á köldum stað. Geymist ekki með matvælum eða fóðurvörum.

08 Eftirlit með mengun/persónulegur hlífðarbúnaður.

Almennt: Tryggið góða loftræstingu. Þvoið ykkur um hendur, ef hlé verður á vinnu.

Hlífðarfatnaður: Notið viðeigandi vinnugalla.

Hlífðarhanskar: Notið gúmmihanska við langvarandi notkun efnisins.

Augnvörn: Notið hlífðargleraugu/andlitsgrímu við umhellingu efnisins..

09 Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

Útlit: Rauðgulur tær vökvi

Lykt: Terpentínulykt

Sýrustig: Um 10,5

Lægsta suðumark: Um 150°C

Eðlisþyngd: um 1,0 @25°C

Leysanleiki: Leysanlegt í vatni.

10 Stöðugleiki og hvarfgirni.

Almennt: Brotnar ekki niður við venjulegar aðstæður. Varist snertingu við oxandi efni, sterkar sýrur og basa.

11 Eiturfræðilegar upplýsingar.

Innöndun: Getur valdið höfuðverk, vanlíðan, þreytu og svima, ef magn er mikið. Langvarandi og síendurtekin innöndun getur leitt til skemmda á miðtaugakerfi.

Húð: Leysir upp húðfitu. Langvarandi snerting getur valdið ofnæmi eða exemi.

Augu: Getur verið ertandi.

Inntaka: Getur valdið vanlíðan, uppköstum, niðurgangi eða andþrengslum.

12 Hættur gagnvart umhverfinu.

Almennt: Efnið má ekki berast í jarðvatn eða jarðveg. Terpentína brotnar mjög hægt niður í náttúrunni. Ef efnið berst í miklum mæli út í umhverfið, getur það mengað jarðvatn og grunnvatn. Efnið inniheldur umhverfisvæn sápu efni í samræmi við Reglugerð 521/1994.

13 Förgun.

Afgangur sendist til spilliefnamóttöku.

14 Flutningur.

Flutningur á vegum:

UN Nr: 1300

ADR flokkur: 3

Hættunúmer: 33

ADR hættumerki: 3

ADR stafir: 3.1c

Flutningar á sjó:

UN Nr: 1300

IMDG flokkur: 3,3

IMDG blaðsíða: 3375

IMDG merki: 3

MFAG: 311

EmS: 3-07
Mengar sjó: já

15 Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur, sem varða notkun efnisins.

Merkingar: Hættumerki Xn, Hættulegt heilsu.

Hættusetningar:

H22: Hættulegt við inntöku.

Varúðarsetningar:

V23: Varist innöndun úða.


V24: Varist snertingu við húð.

V37: Notið viðeigandi hlífðarhanska.

V62: Varist að framkalla uppköst eftir inntöku.

Leitið umsvifalaust lækni og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar.

V2: Geymist þar sem börn ná ekki til.



**HÆTTULEGT
HEILSU**

16 Aðrar upplýsingar.

Almennt: Fljótandi dekkjahreinsir fyrir farartæki. Notist í samræmi við leiðarvísi.

Innihaldslýsing skv. ESB-reglum: >90% Terpentína, arómatasnauð
2-5% Ójónuð sápuæfni.

Útgáfudagsetning: 09.03.2004.

Útgáfa: 2

Kemur í stað: 01.03.2002